

Alþingi  
Erindi nr. P 130/2394  
komudagur 8.5.2004

8. maí 2004

Til Allsherjarnefndar Alþingis. Þar sem Félag bókagerðarmanna er ekki á meðal þeirra félaga sem fá frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum mál 974 til umsagnar, þrátt fyrir að vera það verkalýðsfélag sem hefur flesta starfsmenn á dagblöðum meðal sinna félagsmanna, viljum við senda ykkur ályktun frá fundi trúnaðarráðs félagsins. f.h. Félags bókagerðarmann Sæmundur Árnason formaður.

FBM mótmælir fjölmiðlafrumvarpi.

Fundur í Trúnaðarráði Félags bókagerðarmanna haldinn 5. maí 2004, mótmælir framkomnu frumvarpi um fjölmiðla sem setur rekstur þeirra í uppnám og teflir atvinnu fjölda manns í tvísýnu.

Félag bókagerðarmanna vill vekja athygli á því að þann 9. maí n.k. verða 149

ár frá því að prentfrelsi var lögleitt á Íslandi og landsmönnum öllum var gefið frelsi til að tjá sig á prenti og þá um leið frelsi til að mótmæla skoðunum yfirvalda.

Trúnaðarráð FBM krefst þess að lagadrögin verði dregin tilbaka, svo svigrúm skapist til þess að fram fari eðlileg og yfirveguð umræða um eignarhald á fjölmiðlum.